

## Fundargerð

06031705

Mánudaginn 6. mars 2017 kl: 17:00 kom Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps saman til 5. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Helgi Hlynur, Jón og varamaðurinn Helga Erla.

1. Samþykktir um byggðasamlagið Ársalir bs.  
Samþykktirnar lagðar fram með minniháttar breytingum.  
Samþykkt einróma.
2. Bréf:
  - a. Ísorka, um hleðslustöðvar.  
Ísorka bíður þjónustu sína við rekstur hleðsulstöðvar á Borgarfirði. Hreppsnefnd hyggst afla upplýsinga hjá nágretta sveitarfélögum áður en ákvörðun er tekin.
  - b. Samband ísl. sveitarfélaga, boðun landsþings.  
Landsþing er boðað 24. mars næstkomandi.
  - c. Ebí. Styrktarsjóður  
Samþykkt að sækja um í umhverfisverkefni.
  - d. HSA minnisblað.  
Áhersluatriði HSA kynnt.
  - e. Fornleifastofnun Íslands, um skráningu fornminja. Ákveðið að hafa samband við fyrirtækið og afla frekari upplýsingar.
3. Fundargerðir:
  - a. Hafnarsamband Íslands 17.02.2017, fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - b. Félagsmálanefnd, 22.02.2017, lögð fram til kynningar
  - c. Ársalir 23.02.2017, lögð fram til kynningar.
  - d. Samb. ísl. sveitarfélaga 24.02.2017, lögð fram til kynningar.
  - e. Almannafræðingur Múlaþings 28.02.2017, lögð fram til kynningar.
4. Skýrsla sveitarstjóra  
Rætt um Fjarðarborg, framkvæmdir við Þórshamar, ákveðið að klæða Þórshamar með alusinki.  
Rætt um samgöngumál og eftirfarandi samþykkt.

## Samgöngumál

Vegna síðustu hamfara í vegamálum vill hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps beina því til yfirvalda samgöngumála að sjá til þess að akfært verði á Borgarfjörð til jafns við önnur þéttbýli á Íslandi. Enda hefur það staðið til síðustu 20 árin.

Fundi slitið kl. 19.35

Jón Þórðarson Rítaði

**Umsóknarfrestur í Atvinnuaukningarsjóð er til 1. apríl.**